



**Landflutningar**  
Samskip

## Sumaráætlun Sæfara

Gildir frá 15. maí til 31. ágúst

Alla mánudaga, miðvikudaga og föstudaga			
Frá	Kl.	Til	Kl.
Dalvík	09.00	Grímsey	12.00
Grímsey	16.00	Dalvík	19.00

Alla þriðjudaga og fimmtudaga			
Frá	Kl.	Til	Kl.
Dalvík	13.15	Hrísey	13.45

\*Brottför frá Hrísey er að lokinni losun og lestun

Einnig er hægt að leigja Sæfara utan áætlunartíma.

Landflutningar-Samskip  
Sími 458 8970 | www.saefari.is

### Samgöngur

Ferjan Sæfari siglir þrisvar í viku allt árið, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, frá Dalvík til Grímseyjar. Siglingin tekur 3 klst. og tekur ferjan 108 farþega. Mælt er með því að ferðir séu bókaðar fyrirfram á sumrin. Nánari upplýsingar í síma 450 1050 eða info@visitakureyri.is.

Norlandair heldur uppi áætlunarflugi allan ársins hring, daglega yfir sumartímann og þrisvar sinnum í viku yfir vetrartímann. Flugtími er 25 mínútur hvora leið. Á sumrin er hægt að fara í stutta ferð til Grímseyjar þar sem er boðið upp á 1,5 klst. viðdvöl. Hægt er að kaupa leiðsögn fyrir þá sem þess óska. Nánari upplýsingar er að fá hjá Flugfélagi Íslands, www.flugfelag.is, sími 570 3000.

Leiguflug: Nokkur fyrirtæki bjóða upp á leiguflug til Grímseyjar samkvæmt nánara samkomulagi, m.a. www.norlandair.is, www.myflug.is, www.flugfelag.is, www.emir.is.

### Viðburðir

- Nokkrir árvissir viðburðir eru í eyjinni:
  - Þorrablót í byrjun febrúar.
  - Grímseyjardagurinn í lok maí en þá bjóða Grímseyingar veitingar og viðburði að hætti heimamanna. Má þar nefna krúeggjaleit, bátsferð, bjargsig, sjávarréttahlaðborð og egg.
  - Sumarsólstöður 21. júní. Lengsta degi ársins er fagnað með því að njóta sólarlagsins og mannlífsins. Boðið er upp á kræsingar auk afþreyingar af ýmsu tagi.
  - Fiske-hátíðin 11. nóvember. „Þjóðhátíðardagur“ Grímseyinga er haldinn á afmælisdegi velgjörðamannsins Fiske með veglegu kökuhlaðborði.

### Þjónusta

**Gallerí Sól**  
Í Sólbergi í „miðbæ“ Grímseyjar beint ofan við höfnina er handverks-hús grímseyskra kvenna. Opið á ferjudögum yfir sumartímann; mánudaga, miðvikudaga og föstudaga meðan ferjan bíður. Þar er boðið upp á grímseyskt handverk og handavinnu frá fastalandinu; minjagrip, kort og bækur frá Grímsey. Þar er kaffihús sem býður upp á nýbakaðar vöflur og fleira. Sími: 467 3190.

**Gullsó**  
Lykilgistiheimili í Sólbergi, á efri hæðum Gallerí Sólar – er fallega staðsett við lífæðina, höfnina. Boðið er upp á 8 uppþúin rúm eða svefnpoka-pláss, sameiginlegt fullbúið eldhús, setustofu og badherbergi. Opið er allt árið. Sími: 467 3190 Netfang: gullsol@visir.is.

**Gistiheimilið Básar**  
Gistiheimilið er við heimskautsbauginn og við hlið flugstöðvarinnar. Boðið er upp á 8 herbergi, 16 uppþúin rúm eða svefnpoka-pláss með eða án morgunmats. Hægt er að panta kvöldverð þar sem boðið er upp á sérretti frá Grímsey. Sameiginleg eldhúsaðstaða, setustofa og þvottaaðstaða er fyrir gesti. Opið er allt árið. Sími: 467 3103. Netfang: basar@visir.is.

**Veitingahúsið Krían**  
Veitingastaðurinn er rétt við höfnina með fallegt útsýni yfir Grímseyjar-sund og er opinn daglega yfir sumartímann og eftir samkomulagi þar fyrir utan. Þar er boðið upp á léttu rétti af matseðli en einnig eru í boði sérrettir eins og nýr fiskur, saltfiskur og svartfugl. Upplýsingar og pantanir í síma 467 3112 og 898 2058.

**Verslunin Búðin**  
Matvöruverslun. Opið kl. 10.30-12.00 og kl. 15.00-17.15 alla virka daga og kl. 11.30-12.30 á laugardögum og sunnudögum. Einnig er Búðin opin á meðan ferjan Sæfari bíður í Grímsey á sumrin. Sími: 467 3102.

**Pósthús**  
Póstafgreiðsla er í Búðinni og með sama opnunartíma og hún.

**Gönguferðir með leiðsögn**  
Boðið er upp á 1-2 klst. gönguferð með leiðsögn um eyjuna. Sími: 467 3103. Netfang: basar@visir.is.

**Bátsferðir**  
Boðið er upp á 1-2 klst. bátsferðir kringum eyjuna með möguleika á að renna fyrir fisk. Sími: 467 3103. Netfang: basar@visir.is.

**Kvenfélagið Baugur**  
Kvenfélagskonur bjóða upp á mat og kaffihlaðborð fyrir hópa í Félagsheimilinu Múla. Þar er einnig hægt að panta svefnpoka-pláss fyrir hópa. Upplýsingar í síma: 865 5110.

**Sundlaug Grímseyjar**  
Góð innisundlaug og heitur pottur. Opin allt árið, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga kl. 20.00-21.30 og laugardaga 14.00-16.00, lokað aðra daga. Sjá einnig auglýsingu í Búðinni eða í síma: 897 3123.


**Tjaldstæði**  
Tjaldstæði er sunnan við félagsheimilið Múla. Þar er salernishús með heitu og köldu vatni. Afgreiðsla og upplýsingar varðandi tjaldsvæðið er í Búðinni.

Útg. júní 2011. Ábyrgð: Akureyrarstofa. Hömum: STÍLL, Prentun: Ásprent. Myndir: Friðbjörgur Helgason.



**FLUGFÉLAG ÍSLANDS** → [flugfelag.is](http://flugfelag.is)

# Alltaf ódýrara á netinu



## Aðeins nokkur skref á netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara. Þú bókar flugið á [flugfelag.is](http://flugfelag.is) þar sem þú finnur ódýrustu fargjöldin og að auki frábær tilboð.

**Smelltu þér á [flugfelag.is](http://flugfelag.is). Taktu flugið og njóttu dagsins.**

# GRÍMSEY

PERLA VIÐ HEIMSKAUTSBAUG





### Grimsey – heimskautaejyan óviðjafnanlega

Grimsey liggur á heimskautsbaug, 41 km frá norðurströnd Íslands. Hún er 5,3 ferkílómetrar að flatarmáli og 5,5 km að lengd. Eyjan er mynduð úr blágrýti og myndar það víða afar fallegt stuðlaberg sem er vinsælt myndefni ljósmyndara. Grimsey hallar frá austri til vesturs. Að austan ganga há björg í sjó fram og er bjargbrúnnin 105 m yfir sjó þar sem hún er hæst. Að vestan er eyjan lægri og þar er höfnin og byggð eyjarinnar. Frá eyjunni er fegur fjallasýn frá suðvestri til suðausturs.

Byggð hefur verið í Grimsey frá landnámi og var eyjan jafnan talin matarkista vegna hins gjöfula lífríkis sem þar er að finna. Þjóðsaga tengir nafn eyjarinnar við landnámsmanninn Grím frá Sogni í Noregi en aðrar skýringar kunna einnig að vera á nafninu sem á sér samsvaranir m.a. í Noregi og á Bretlandseyjum. Eyjan var til forna í eigu Munkapverár- og Möðruvallaklaustra. Voru bænder í eyjunni leiguliðar og greiddu landsskuldina í skreið til klaustranna.

Velkomin til Grimseyjar – perlu við heimskautsbaug

www.grimsey.is



### Byggðin

Í Grimsey búa um 90 manns. Aðalvatninnvegur eyjarbúa er fiskveiðar og fiskverkun. Landbúnaður til heimilisnota hefur verið stundaður frá upphafi en mjög hefur dregið úr honum á síðustu árum og hefur kúabúskapur nú lagst af.

Í Grimsey er verslun, tvö gistiheimili, veitingastaður, handverkshús, kaffihús, sundlaug, félagsheimili og tjaldsvæði. Þjónusta við ferðamenn er vaxandi. Fastar flugferðir eru þangað frá Akureyri og skipsferðir með ferju frá Dalvík. Raforka í Grimsey er framleidd með díselrafstöð og kælivatn frá rafstöðinni nýttist sundlauginni á staðnum.



### Gróðurfar og dýralíf

Grimsey er algróin en gróðurfarið er mótað af úthafsloftslagi. Sérstaklega má benda á skarvakál sem vex víða en það er mjög ríkt af C-vítamíni og þekkt lækningajurt. Fuglalíf er einstakt, tegundir margar og fjöldi fugla mikill. Fugladritið eykur gróðursæld eyjarinnar. Fuglavarp fer vaxandi í eyjunni, enda hafa eggjataka og fuglaveiðar minnkað. Víða er einstök aðstaða til að ljósmynda fuglalífið, bæði í fuglabjörgum og eins í bökkum eyjarinnar framundan byggðinni. Ein stærsta lundabyggð Íslands er í Grimsey.

Í Grimsey eru hvorki mýs né rottur en einu villtu landspendýrin sem þar hafa sést eru ísbirnir. Þeir eru að sjálfsgöðu sjaldséðir en veturinn 1969 var stórt bjarndýr fellt í eyjunni. Það prýðir nú náttúrgripasafnið á Húsavík.

Lífríki sjávar við Grimsey er fjölbreytt og er afrakstur þess nýttur bæði af íbúum eyjarinnar og aðkomumönnum. Frægur er Grimseyjarlaxinn sem flæktist í net við eyna veturinn 1957. Hann var 132 sentimetrar á lengd og blóðgaður vóg hann 49 pund.

### Menningarlíf

Menningarlíf hefur jafnan staðið með blóma í Grimsey. Grimseyingar voru frægir fyrir taflmennsku sína á síðari hluta 19. aldar. Bandarískur auðmaður og áhugamaður um skák, Daniel Willard Fiske, sem fæddur var 1831, sigldi fram hjá eyjunni og frétti af þessu. Af því tilefni færði hann hverju heimili í eyjunni taflborð og taflmenn að gjöf og jafnframt færði hann eyjarbúum háa fjárhæð sem lögð var í sjóð til styrktar íbúunum. Er hans ávallt minnst í Grimsey og fæðingardagur hans, 11. nóvember, er haldinn hátíðlegur ár hvert. Bókasafn er í eyinni og þar eru einnig varðveittir gripir úr gjöf Fiske m.a. bækur, myndir og taflborð. Barnaskóli er í eyjunni til 14 ára aldurs.

### Grimseyjarkirkja

Jón biskup Ögmundsson vígði kirkju í eyjunni snemma á elleftu öld. Var hún helguð Ólafi, þjóðardýrlingi Norðmanna, og skyldu þjóna við kirkjuna tveir prestar og syngja messu á hverjum degi en tvær messur á dag á sérstökum helgidögum. Síðan hefur dregið úr helgihaldi en þekkt eru nöfn 50 presta sem þjónað hafa þar. Eyjunni er nú þjónað af presti Dalvíkurprestakalls. Kirkjan er byggð 1867 en stækkuð og endurbætt árið 1932. Altaristaflan er gerð af Arngrími Gíslasyni á Völlum í Svarf-aðardal árið 1878 og er hún eftirmynd af verki eftir Leonardo da Vinci. Grimseyjarkirkja þykir góð til áheita.

### Gönguleiðir

Gott er að hefja gönguferð um Grimsey frá norðurenda flugbrautarinnar. Þaðan er gengið með bökkum Básavíkur, en gæta skyldu menn þar og annars staðar þess að fara ekki of nærri bjargbrúninni sem oft er sundurgrafin af lunda. Síðan er haldið út á Eyjarfót sem er nyrsti oddi eyjarinnar. Þaðan er svo gengið með bjargbrúninni að austan. Þar eru fuglabjörg sem tilheyra tilteknum jörðum á eyjunni og nýtt eru til eggjataku. Hægt er að fylgja götum með bjargbrúninni allt til Grenivíkurvita sunnan á eyjunni. Þaðan er haldið í áttina að Grimseyjarhöfn við Sandvík. Gengið er framhjá Miðgarðakirkju og kirkjugarðinum sem vert er að skoða. Víða á leiðinni er góð aðstaða til fuglaljósmyndunar í bjarginu en ítrekað skal að menn skyldu fara varlega við bjargbrúnina.



### Grimsey og Akureyri

Vorið 2009 samþykktu íbúar Grimseyjar og Akureyrar með miklum meirihluta að sameina sveitarfélögin. Eyjarnar Hrísey og Grimsey eru því báðar hluti Akureyrarkaupstaðar.

Sameiginleg upplýsingamiðstöð er í Menningarhúsinu Hofi Strandgötu 12, Akureyri Sími: 450 1050 Netfang: info@visitakureyri.is Sjá nánar á www.visitakureyri.is og www.grimsey.is

